

**Ed.**

**29. Tillaga**

til þingsályktunar um stofnun fávítahælis.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma upp hæli handa fávítum svo fljótt sem auðið er.

**Greinargerð.**

Samskonar þingsályktunartillaga lá fyrir sumarþinginu, en hlaut ekki afgreiðslu. Var þar stungið upp á að reisa nýtt sjúkrahús handa holdsveikum mönnum, en breyta spítala þeirra í fávítahæli.

Enda þótt ég sé sömu skoðunar enn, að það væri hyggilega ráðið frá fjárhagslegu sjónarmiði, þá er það ekkert aðalatriði, heldur hitt, að það dragist ekki mjög lengi úr þessu, að bætt verði úr hinni brýnu og aðkallandi þörf, að þjóð vor eignist hæli handa vesalingunum, sem hér ræðir um.